



2. gr.

Við 7. tölulið 3. gr. laganna bætast orðin: svo og stimpilgjald af hlutabréfum.

8. töluliður 3. gr. laganna, sem bætt var inn með 2. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er fyrirhugað að afla ríkisstjórninni lagaheimildar til að gera þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenzka járnblendifélagsins hf. að Grundartanga, sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að ganga frá samningum við Elkem a/s í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan um þátttöku hins síðarnefnda sem samstarfsaðila ríkisins í félaginu við hlið Elkem, samkvæmt 2. gr. laga nr. 18/1977. Er það meginmarkmiðið með samstarfsaðild Sumitomo og þeim ráðstöfunum, sem henni eru tengdar, að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins til varanlegrar frambúðar.

Nánar tiltekið verður hin fyrirhugaða samvinna við Sumitomo Corporation á því byggð, að komið verði á samskiptum til langs tíma um sölu til Sumitomo og viðskiptavina þess í Japan á kísiljárni frá Grundartanga í verulegu magni. Jafnframt gerist Sumitomo minnihlutahluthafi í Járnblendifélaginu ásamt Elkem og eignist þar 15% heildarhlutafjár, en hlutafjäreign Elkem lækki úr 45% í 30%.

Staða ríkisins og hlutafjäreign (55%) í Járnblendifélaginu breytist ekki við tilkomu Sumitomo Corporation sem hluthafa. Staða Elkem verður og óbreytt að öðru en því, að hlutafjäreign þess minnkar samkvæmt framansögðu og það verður ekki söluaðili að kísiljárni því sem Sumitomo tekur við á hverjum tíma. Elkem mun áfram sjá um sölu á öðru kísiljárni frá Grundartanga, á öðrum mörkuðum en hinum japanska, og bera ábyrgð á heildarskipulagningu sölunnar á þeim grundvelli sem um var samið í sölusamningi Elkem og Járnblendifélagsins frá 1977. Jafnframt mun Elkem áfram veita Járnblendifélaginu tækniaðstoð á grundvelli tæknisamnings frá 1976.

#### Um fjárhagsþátt málsins.

Hin fjárhagslega endurskipulagning á Íslenzka járnblendifélaginu hf., sem tengd er aðild Sumitomo Corporation, verður fólgin í því í fyrsta lagi, að núverandi hluthafar félagsins, ríkisstjórnin og Elkem, munu breyta í hlutafé hinum víkjandi hluthafalánum sem þeir hafa veitt félaginu á árunum 1981—1983 vegna tapreksturs fram til þessa. Nema lánin alls sem næst 140 milljónum norskra króna eða 18,6 milljónum bandaríkjadollara. Frá sjónarmiði hluthafanna er hér aðallega um formbreytingu að ræða, þar sem ekki var gert ráð fyrir endurgreiðslu þessara lána fyrr en félagið væri farið að skila arði umfram greiðslur af öðrum stofnlánum. Að því er ríkið snertir er þess einnig að gæta, að umrædd lán eru byggð á þegar fengnum heimildum í lögum nr. 18/1977 til hluthafaráðstafana (3. mgr. 6. gr.) og hækkunar hlutafjár (1. tölul. 3. gr., þar sem framlagsheimild var hækkuð með lögum nr. 45/1982 úr jafnvirði 13,2 í jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara).

Í öðru lagi og aðallega munu núverandi hluthafar leggja fram nýtt hlutafé til Járnblendifélagsins samkvæmt samkomulagi við Sumitomo, sem alls nemur jafnvirði 120 milljóna norskra króna eða sem næst 15,9 milljóna bandaríkjadollara. Yrði þetta gert eftir núverandi eignarhlutföllum, þannig að ríkið leggi til 55% (66 m NOK) og Elkem 45% (54 m NOK). Er fyrirhugað að fé þetta verði notað að mestu eða öllu leyti til að greiða niður núverandi skuldir Járnblendifélagsins vegna lána til verksmiðjunnar. Munu hluthafarnir því ekki þurfa að afla nýs fjár vegna hlutafjárukningarinnar, nema þeim þyki það betur henta, heldur geta þeir framkvæmt hana með yfirtöku á hluta þessara lána. Það er fyrst og fremst

vegna þessarar ráðstöfunar sem lagaheimild þarf og málið er lagt fyrir Alþingi í formi þessa frumvarps.

Ráðagerðir aðila um þessa nýju hlutafjárukningu eru til komnar vegna þess efnahagsvanda sem við hefur verið að glíma í járnblendiiðnaði á undanförunum árum. Á járnblendiverksmiðjunni að Grundartanga hefur hann bitnað með þeim hætti, sem kunnugt er, að ekki hefur verið unnt að selja allt það kísiljárn, sem verksmiðjan gæti framleitt með venjulegum afköstum, og söluverð á heimsmarkaði hefur verið til muna of lágt miðað við þarfir nýrrar verksmiðju með þunga byrði stofnkostnaðar. Vegna þessa hefur Járnblendifélagið safnað mjög verulegu tapi frá því að rekstur hófst vorið 1979, þrátt fyrir þá staðreynd að starfræksla verksmiðjunnar hefur gengið eins og bezt verður á kosið í tæknilegum eignum og í rauninni nær algerlega hnökralaust, þegar frá er talinn orkuskortur veturinn fyrir gangsetningu Hrauneyjafossvirkjunar.

Mjög hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á síðustu mánuðum, þar sem jafnvægi hefur ríkt milli framboðs og eftirspurnar frá því síðla vors 1983 og verksmiðjan því starfað með fullum afköstum, auk þess sem markaðsverð hefur hækkað verulega. Tap Járnblendifélagsins varð því miklu minna 1983 en 1982 og útlit er fyrir að það nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári. Vandinn er þó ekki úr sögunni, þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og afturkiptur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendisviðinu.

Ástæða er því til að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki, með auknum framlögum eða ábyrgðum. Hin nýja hlutafjárukning gengur þó mun lengra en sú aðstoð sem hluthafarnir mundu þannig ráðgera ef þeir stæðu einir að málinu, að minnsta kosti fyrsta kastið. Þetta stafar af því, að hlutafjárukningin er ekki aðeins hugsuð sem skammtímaráðstöfun til lausnar á aðsteðjandi vanda, heldur er henni einnig ætlað að koma fjárhag félagsins í það horf, að það geti staðið af sér samkeppni á heimsmarkaðnum og haldið velli til frambúðar, jafnvel þótt enn kæmi þar til alvarlegs samdráttar. Um leið má vænta þess, að félagið fari þá tiltölulega fljótt að skila arði, ef vel árar fyrir starfseminu.

Umrædda ráðstöfun telja hluthafarnir rétt að gera með tilliti til þess, að þátttaka þriðja hluthafans stuðlar mjög að því að leysa til frambúðar úr öðrum meginvanda járnblendiverksmiðjunnar, n.l. því að tryggja möguleika á að reka verksmiðjuna með fullum afköstum á hverjum tíma. Væntir Sumitomo þess að geta haldið uppi stöðugri sölu á Japansmarkaði á verulegum hluta af framleiðslu verksmiðjunnar, og eru þá allar líkur til að takast megi að selja afganginn af því sem verksmiðjan getur annað við venjulegar aðstæður.

Í kjölfar ofangreindrar hlutafjárukningar er svo ráðgert að lækka nafnverð heildarhlutafjárins sem svarar uppsöfnuðu tapi félagsins, þannig að bókfært tap í íslenskum krónum við lok endurskipulagningar sé að fullu jafnað. Þetta bókfærða tap nemur samanlagt sem næst 390 milljónum ísl. króna eða um 100 m NOK. Hefur félagið þá uppfyllt skilyrði hlutafélagalaga til að geta greitt arð til hluthafa miðað við hið lækkaða hlutafjárnafnverð, þegar starfsemin fer að skila ágóða eftir endurskipulagninguna eins og vonir standa til.

Þegar núverandi hluthafar hafa þannig framkvæmt hina ráðgerðu endurskipulagningu á fjárhag Járnblendifélagsins verður gengið frá aðild hins nýja hluthafa að félaginu með því að Sumitomo Corporation kaupi 15% heildarhlutafjárins af hluta Elkem, eins og fyrr segir. Fær Sumitomo hlutabréf sem því svarar, en Elkem mun fyrir sitt leyti nota andvirði hlutabréfanna til að veita á móti þeim framlögum og skuldbindingum sem það hefur tekið á sig við endurskipulagninguna. Þeir endar ná þó ekki alveg saman, þannig að Elkem þarf að taka á sig nokkrar skuldbindingar án þess að hlutafjándvirði komi á móti.

Gagnvart ríkissjóði verða áhrifin af endurskipulagningunni þannig í stuttu máli, að ríkið breytir núverandi lánum sínum og ábyrgðarskuldbindingum vegna Járnblendifélagsins í

beint hlutafé í félaginu og eykur jafnframt hlutafé sitt til nokkurrar viðbótar með niðurgreiðslu eða yfirtöku frekari skulda félagsins. Með þessu heldur ríkið á hinn bóginn óskertri hlutfallslegri eignarhlutdeild í félaginu og þar með fullri hlutdeild í þeim arðsvonum og öðrum hagsmunum sem tengdir eru áframhaldandi rekstri félagsins. Við þetta bætast svo hinir ýmsu möguleikar sem tengdir eru samskiptunum við Sumitomo beint og óbeint.

Fyrir Elkem verða áhrifin þau, að fyrirtækið breytir lánnum og skuldbindingum í hlutafé á sama hátt og ríkið, en fær fjármögnun á þeirri ráðstöfun að verulegum hluta með því að minnka eignarhlutdeild sína í félaginu um þriðjung. Af því leiðir að fyrirtækið á minni arðsvon en áður af áframhaldandi starfsemi járnblendiverksmiðjunnar, auk þess sem það gefur eftir rétt sinn til að selja það kísiljárn sem Sumitomo tekur við. Á móti hinum neikvæðu áhrifum kemur hitt, að með þessum ráðstöfunum hefur Elkem tryggt sér eins og unnt er að þurfa ekki framar að inna af hendi fjárframlög til að standa undir óbreyttum rekstri verksmiðjunnar. Auk þess nýtur fyrirtækið hinna ýmsu möguleika af samstarfi við Sumitomo.

Frá sjónarmiði Íslendinga er endurskipulagningin mjög jákvæð að því leyti, að hún hefur í för með sér umtalsverða lækkun á heildarskuldum þjóðarbúsins, eða sem svarar jafnvirði nærfellt 16 milljóna bandaríkjadollara. Þetta stafar af því, að hið nýja fjármagn til Járnblendifélagsins verður notað til að greiða niður erlendar skuldir félagsins og hinir erlendu hluthafar taka fullan þátt í þeirri fjármögnun að sínum hluta.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að Elkem hefur frá upphafi tekið fullan þátt á móti ríkissjóði í þeirri fjárhagsaðstoð sem Járnblendifélaginu hefur verið veitt á undanförunum árum. Hefur fyrirtækið þannig gert stórum betur en að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Íslendingum um framlög til verksmiðjunnar, þar sem bein loforð þess náðu ekki nema til hins upphaflega hlutfjár (10,2 m USD) og 19,8 m NOK í hluthafalánnum samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1977. Enda þótt fyrirtækið hafi nú kosið að verjast frekari áhættu í þessu efni með því að minnka hlut sinn í Járnblendifélaginu er ekki ástæða til að túlka það sem neina uppgjöf gagnvart verksmiðjunni, heldur má nú ætla þvert á móti að rekstrargrundvöllur hennar verði traustari en nokkru sinni.

Fyrir Íslenska járnblendifélagið hf. hefur endurskipulagningin í för með sér gerbreytta starfsaðstöðu, og tryggir hún verksmiðju þess eðlilegan starfsgrundvöll til varanlegrar frambúðar, eftir því sem slíkt er yfirleitt unnt, eins og gefið var til kynna hér að framan. Vafalaust verður starf félagsins flóknara og þyngra í vöfum að einhverju leyti vegna hins þriðja hluthafa, en á hinn bóginn býr hið nýja samstarf yfir margvíslegum möguleikum, sem engin leið er að sjá yfir nú, auk þess öryggis sem það veitir félaginu.

Rétt er að leggja á það ríka áherzlu, að fjárhagsaðgerðir þær, sem leitað er heimildar fyrir með frumvarpi þessu, eru ekki sambærilegar við þær ráðstafanir í þágu Járnblendifélagsins, sem heimilaðar voru fyrir tveimur árum með lögum nr. 45/1982. Að því sinni var ráðgert að tryggja greiðsluafkomu félagsins næstu árin með (a) beinni hlutfjár aukningu (allt að 5,8 m USD), (b) víkjandi láni með sjálfskuldarábyrgð hluthafa (6,0 m USD) og (c) eigin lánnum félagsins án beinnar ábyrgðar hluthafa (10,0 m USD), en hluti hinna síðastnefndu (6,0 m USD) kom í stað rekstrarláns, sem félaginu var tryggt við stofnun. Félagið starfar enn innan þess ramma, sem þarna var settur, þannig að framlög til þess hafa ekki orðið meiri en þá var ákveðið (a). Hins vegar hefur félaginu ekki tekizt að nýta þennan ramma til fullnustu vegna hinnar veiku eiginfjárstöðu sinnar. Hefur hún komið í veg fyrir að félagið gæti framkvæmt þær eigin lántökur sem til var ætlazt (c). Gerðist þetta þegar fyrir árslok 1982, vegna hinnar miklu hækkunar á gengi bandaríkjadollars gagnvart norskri og íslenskri krónu, sem varð á því ári. Má vísa um það til ársskýrslu félagsins frá maí 1983. Hið nýja hlutafé samkvæmt frumvarpi þessu kemur þannig að sínu leyti í stað lánanna sem hætta þurfti við 1982, auk þess sem það leiðir til þess að lánið, sem þá var tekið með

hluthafaábyrgð (b) og jafngildir í rauninni hluthafalánum, verður nú úr sögunni, sbr. 2. gr. frv.

Ef því mætti treysta með samilegri vissu, að núverandi bati á kísiljárnsmarkaði héldi áfram nokkra hríð, væri í sjálfu sér hugsanlegt að láta Járnblendifélagið þruga áfram með einhverjum stuðningi frá núverandi hluthöfum, þar til það hefði aftur öðlazzt bolmagn til að standa undir rekstrarlánum. Til þess þyrfti þó samþykki Elkem, nema allur stuðningurinn ætti að koma frá íslenska ríkinu. Hins vegar er það samdóma álit beggja, ríkisstjórnarinnar og Elkem, að ekki komi til mála að fara þessa leið samanborið við hina, sem ráðgerð er með frumvarpinu, þegar litið er til samvinnunnar við Sumitomo og þess rekstraröryggis til langs tíma sem vænta má af henni.

#### Um samninga við Sumitomo.

Upphaf viðræðna við Sumitomo Corporation má rekja til haustsins 1982, en þá áttu fulltrúar Elkem í stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. fund í Reykjavík með þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, um vandamál félagsins, sem snertu hluthafa mjög um þær mundir vegna áðurnefndrar gengisþróunar. Vörpuðu þeir þar fram hugmyndum um samvinnu við japanskan aðila til að breikka starfsgrundvöll félagsins og töldu ákjósanlegast að líta til Sumitomo Corporation í því sambandi. Iðnaðarráðherra svaraði málaleitan þeirra með bréfi í nóvember 1982, þar sem fallið var á að taka upp viðræður við japanskan aðila um sölusamning til langs tíma og einnig um eignaraðild að Járnblendifélaginu, að því tilskildu að ríkið héldi þar meirihlutaaðstöðu. Var skipaður starfshópur til að undirbúa viðræður þessar og koma þeim af stað, og áttu þar sæti meðal annarra þeir Páll Flyngenring, ráðuneytisstjóri, Ragnar Árnason, lektor, og Hjörtur Torfason, hrl., stjórnarformaður félagsins, auk þess sem Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri félagsins, starfaði með hópnum. Nokkrir fleiri fulltrúar á vegum Iðnaðarráðuneytisins tóku þátt í þessu starfi, og hjá Elkem var settur í það sérstakur starfshópur. Fyrsti viðræðufundur með fulltrúum Sumitomo Corporation var haldinn í Reykjavík í janúar 1983, og síðan fylgdu fundir í Osló og Tokyo nokkru síðar.

Sumarið 1983 varð nokkurt hlé á viðræðum vegna athugunar á fram komnum sjónarmiðum og frestunar á fyrirhugaðri heimsókn Japana hingað til lands, jafnframt því sem stjórnarskipti höfðu átt sér stað. Ákvað núverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, hinn 5. júlí 1983 að fela nýskipaðri Samninganefnd um stóriðju, þeim dr. Jóhannesi Nordal, dr. Gunnari G. Schram og Guðmundi G. Þórarinssyni, að annast frekari viðræður um málið, og hefur hún gert það síðan ásamt ritara sínum Garðari Ingvarssyni. Þeir Páll Flyngenring, Hjörtur Torfason og Jón Sigurðsson hafa starfað með nefndinni, auk þess sem fulltrúar Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar hafa komið þar við sögu.

Þessar viðræður Samninganefndar um stóriðju hafa farið fram á fundum hér heima og erlendis síðan í septembermánuði 1983. Hafa þær nú náð því marki, á fundi nefndarinnar með fulltrúum Elkem og Sumitomo dagana 5.—6. apríl 1984, að samkomulag hefur náðst um að stefna að endanlegum samningum milli aðila á tilteknum grundvelli. Var þetta staðfest með undirritun samkomulagsyfirlýsingar hinn 6. apríl.

Samkomulagið var undirritað með fyrirvara um samþykki stjórnar Elkem, Sumitomo, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar og íslenskra stjórnvalda, auk þess sem málið verður borið undir lánveitendur Járnblendifélagsins. Var ákveðið að stefna að því að leiða alla samningsgerð og heimildaöflun til lykta fyrir 1. júní 1984. Er frumskilyrði í því sambandi að Alþingi fallist á að veita þá lagaheimild sem hér er leitað eftir.

Grundvelli samkomulagsins hefur þegar verið lýst að nokkru, en hann er í stuttu máli sem hér segir:

1. Núverandi hluthafalánnum verði breytt í hlutafé, sbr. aths. um 1. gr. frv.
2. Núverandi hluthafar leggi til nýtt hlutafé sem nemur jafnvirði 120 milljóna norskra króna, m. a. með yfirtöku skulda sem nú eru með ábyrgð hluthafanna.
3. Sumitomo kaupir 15% hlutabréfa í fyrirtækinu af Elkem, eftir að endurskipulagning eignarfjárstöðu Járblendifélagsins hefur farið fram.
4. Sumitomo verði skipað einkaumboðsmaður á Japansmarkaði fyrir kísiljárn frá járnblendiverksmiðjunni og taki að sér sölu á tilteknu árlegu magni á þeim markaði (20 000 tonnum). Að öðru leyti verður sölustarfsemi áfram í höndum Elkem á grundvelli gildandi sölusamnings, og er gert ráð fyrir að unnt verði að tryggja fulla sölu á framleiðslu verksmiðjunnar miðað við venjuleg afköst.
5. Kísiljárn til Sumitomo verður afhent með sömu kjörum og gilda samkvæmt sölusamningnum við Elkem, þ. e. eftir markaðsverði.
6. Gert er ráð fyrir sérstökum samningi við Landsvirkjun um viðbótargreiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arð- og eignarfjárstöðu járnblendiverksmiðjunnar er náð.
7. Jafnframt ofangreindu hefur einnig tekizt samkomulag um aukna þátttöku Elkem í kostnaði við sérstök tækniþróunar- og rannsóknarverkefni hjá Íslenzka járnblendifélaginu. Einnig er gert ráð fyrir virkari þátttöku Íslenzka járnblendifélagsins í markaðsmálum.

Lagafrumvarpið sjálft snertir einungis fjármögnunarpátt samninganna, þar sem aðrir þættir þeirra kalla ekki á lagabreytingar. Aðild Sumitomo að Járblendifélaginu fellur að öðru leyti inn í ákvæði laga nr. 18/1977 með eðlilegum hætti, þ. á m. ákvæði 2. gr. um þátttöku, 4. gr. um hluthafa, 6. gr. um samstarfssamninga og 8. gr. um skattamál.

Auk lagaákvæða um hlutafé og lán er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir heimild til lækkunar á stimpilgjaldi af hlutabréfum (2% af nafnverði) til viðbótar nógildandi heimild til lækkunar gjalda af skuldabréfum. Er þetta m. a. gert með tilliti til þess, að hlutafé er nú ætlað að leysa lánsfé af hólmi í verulegum mæli.

#### **Um forsendur samningsgerðar.**

Sjónarmið aðila varðandi fyrirhugaða samninga við Elkem og Sumitomo hafa þegar komið fram í meginatriðum, en rétt er að víkja einnig stuttlega að viðhorfum Sumitomo og öðrum atriðum varðandi Járblendifélagið en hinni fjárhagslegu endurskipulagningu.

Sumitomo Corporation (Sumitomo Shoji Kaisha) er eitt hinna stóru verzlunarfélaga (trading houses) í Japan og rekur sögu sína allt aftur til loka 16. aldar. Félagið leggur stund á alhliða viðskipti á fjölmörgum sviðum atvinnulífs og starfar í beinum og óbeinum tengslum við framleiðslu-, verzlunar- og þjónustufyrirtæki í hinum ýmsu starfsgreinum víðsvegar um heim, þar á meðal á sviði stáliðnaðar og álframleiðslu.

Áhugi félagsins á samstarfi um verksmiðjuna að Grundartanga er meðal annars af því sprottinn, að grundvallarbreyting hefur orðið á fáum árum í járnblendiiðnaði Japana vegna hækkunar olíuverðs í heiminum. Þeir framleiddu áður sjálfir mest allt kísiljárn fyrir stálverksmiðjur sínar, allt að 400 000 tonnum á ári, en hafa nú orðið að skera þá framleiðslu niður um meira en helming vegna hins háa orkukostnaðar og grípa í staðinn til innflutnings á kísiljárn, sem nú er orðinn yfir 200 000 tonn á ári. Sumitomo hefur verið í viðskiptasambandi við ýmis fyrirtæki í Japan, sem eru framleiðendur eða notendur að kísiljárn og búa nú við breyttar aðstæður.

Með tilliti til þessa hefur það verið á stefnuskrá félagsins að koma á fót viðskiptasamböndum erlendis til að tryggja þetta efni fyrir viðskiptavinum sínum og þá helst á frambúðargrundvelli. Að athuguðu máli hefur það verið mat félagsins, að áhættusamt væri að taka þátt

í byggingu alveg nýrrar verksmiðju vegna hins háa stofnkostnaðar sem því væri samfara. Hefur félagið því fremur leitað eftir samstarfi við nýlega og vel búna verksmiðju, sem samkeppnishæf væri bæði með tilliti til stofn- og rekstrarkostnaðar, og er ljóst að verksmiðjan á Grundartanga getur fullnægt þeim skilyrðum eftir nokkra leiðréttingu á fjárhagsstöðu hennar. Jafnframt var það ákveðin skoðun hinna japönsku aðila, að fyrirtækið verði að hafa nægilega traustan fjárhag til að geta staðið undir eigin rekstri og skilað nokkrum arði til hluthafa.

Af hálfu Íslendinga hefur frá upphafi verið lögð stund á að athuga í viðræðum um málið, bæði við Elkem og Sumitomo, hvort efni væru til að breyta formerkjum hinna gildandi samninga um járnblendiverksmiðjuna í tilefni af þátttöku Sumitomo og tengdum aðgerðum. Um sölusamninginn við Elkem er það að segja, að skilmálar hans eru hagstæðir Grundtangaverksmiðjunni, og ekki er getuleysi Elkem um að kenna, nema síður væri, þótt treglega hafi gengið að selja framleiðsluna. Er því ástæða til að fagna því, að unnt verður að byggja einnig á þessum samningi í viðskiptunum við Sumitomo. Hins vegar er nú um það rætt, að fulltrúar Járnblendifélagsins taki virkari þátt í framkvæmd markaðsmála en verið hefur, og skiptir það mestu í þessu sambandi.

Samkvæmt tæknisamningnum við Elkem greiðir Járnblendifélagið þangað árlegt gjald fyrir tækniástoð sem er verksmiðjunni mjög mikilvæg. Rætt hefur verið um þetta gjald og niðurstaðan orðið að halda því óbreyttu, meðal annars vegna þess að Sumitomo telur enga ástæðu til að lækka það. Í þess stað er gert ráð fyrir að Elkem auki þátttöku í kostnaði við tækniþróunar- og rannsóknarverkefni sem unnin verði hér heima, eins og um getur í 7. lið í undanfarandi kafla.

Viðræðurnar hafa því einkum snúizt um það, hvort tók séu á að breyta rafmagnsverði Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins.

Ljóst er að félagið hefur ekki bolmagn til að greiða herra rafmagnsverð en um hefur verið samið, eins og sakir standa nú. Er því gert ráð fyrir að gildandi rafmagnssamningur haldist óbreyttur, en í honum eru m. a. sjálfstæð ákvæði um endurskoðun vegna breyttra forsendna. Hins vegar verði gerður viðbótarsamningur við hann um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð, þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu er náð hjá félaginu, í formi skiptingar milli þess og Landsvirkjunar á umframagóða verksmiðjunnar. Hér er um mikilvægt samningsatriði að ræða sem tryggir hagsmuni Íslendinga eins og á verður kosið um sinn.

Með ofangreindum samningum um málefni Íslenzka járnblendifélagsins hf. verður brotið blað í sögu félagsins og íslenzkra atvinnumála. Er ástæða til að vona að þeir muni marka drjúg og gæfurík spor í þróun fyrirtækisins og orkufreks iðnaðar hér á landi.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### *Um 1. gr.*

Með grein þessari er lagt til að 1. tölul. 3. gr. laganna um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði verði breytt á þá lund, að ríkisstjórninni verði heimilt að leggja fram allt að jafnvirði 33 milljóna bandaríkjadollara sem hlutafé til að halda 55% hlutdeild í Járnblendifélaginu. Svarar þetta til þess, að heildarhlutafé félagsins geti orðið allt að 60 milljónum bandaríkjadala. Ekki er víst að heimild þessi verði notuð alveg til fullnustu, þar sem viðbótarframlög hluthafa nú mundu ráðast af fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins þegar endurskipulagning hennar yrði framkvæmd (væntanlega sem næst 1. júní 1984), og eru líkur til að hin endanlega fjárhæð verði nokkru lægri. Afganginn mætti þá nota síðar, ef því yrði að skipta, en ekki er líklegt að til slíks kæmi.

Hlutfé ríkissjóðs í félaginu var upphaflega jafnvirði 13,2 m USD (55% af 24 m USD), en með lögum nr. 45/1982 var heimilað að hækka þetta mark í 19 m USD. Hlutfjárhækkunin nú verður þó ekki einhliða frá 19 í 33 m USD, heldur kemur fleira til.

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því við inngöngu Elkem í Járnblendifélagið veturinn 1976—1977, að hluthafarnir tryggðu félaginu víkjandi hluthafalán allt að 44 m NOK, ef á þyrfti að halda. Þetta fé var hugsað sem viðbót við hlutféð, þótt réttara þætti að hafa það í lánsformi á því stigi, og átti að tryggja að eiginfjárlutfall félagsins yrði ekki lægra en 35% í byrjun rekstrar. Það var einungis fyrir þá sök, að félaginu tókst að byggja verksmiðju sína fyrir minna en áætlað kostnaðarverð, að ekki þurfti að leggja þetta fé fram fyrir en út í rekstur var komið, á árunum 1981—82. Féð var lagt fram með erlendum lánum, í dollurum og sterlingspundum, og er verðgildi þess nú ásamt vöxtum rúmlega 8,1 m USD (hluti ríkissjóðs þannig tæplega 4,5 m USD).

Í öðru lagi eru hluthafar í beinni ábyrgð á láni til félagsins frá árinu 1982, sem heimiluð var með 2. gr. laga nr. 45/1982, sbr. 2. gr. frv. Verðgildi þessa láns, frá Den norske Creditbank og Bank of America, er nú með vöxtum sem næst 7,2 m USD (hlutur ríkissjóðs sem næst 4,0 m USD). Þetta lán er víkjandi fyrir stofnlánum félagsins og hefur því sams konar stöðu og hluthafalánin.

Í þriðja lagi eru svo hin síðari hluthafalán, sem veitt voru félaginu 1982 og 1983 út á heimildina í lögum nr. 45/1982 um hækkun hlutfjár og verður nú breytt í hlutfé samkvæmt þeirri heimild. Heildarverðgildi þeirra er nú tæplega 10,5 m USD og hlutur ríkissjóðs tæplega 5,8 m USD.

Það er einungis hækkunin umfram þessa þætti sem nú verður ný í reynd, og má sundurliða heimildina um 33 m USD þannig í stórum dráttum:

Upphaflegt hlutfé .....	13,2
Fyrri hluthafalán, skv. 3. mgr. 6. gr. l. 18/1977, ca. ....	4,5
Síðari hluthafalán, skv. 1. tölul. 3. gr. ....	5,8
	<hr/>
	23,5
Nýtt fé til greiðslu ríkisábyrgðarláns, skv. 8. tölul. 3. gr., ca. ....	4,0
	<hr/>
	27,5
Nýtt fé á móti öðrum lánum .....	4,8
	<hr/>
	32,3
Viðbót fyrir gengishreyfingum, ónákvæmni o. þ. h. ....	0,7
	<hr/>
	33,0

Á móti nýju hækkuninni, 4,8 m USD, standa stofnlán félagsins frá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) og Eksportfinans í Noregi, sem greiða á niður að hluta með henni. Lánið frá Eksportfinans er í bandaríkjadollurum, sem hefur verið óhagstæð mynt, en er með hagstæðum vöxtum. Lánin frá NIB eru í dollurum, vestur-þýzkum mörkum og svissneskum frönskum og eru til mjög langs tíma (15 ára hvert). Hið elzta þeirra kemur til endurnýjunar nú í sumar, og má þá búast við vaxtahækkun frá því sem var við lántökuna.

Ekki er unnt að slá því föstu nema eftir frekari athugun og viðræður við lánveitendur, hvað heppilegast sé að yfirtaka af þessum lánum, en allt eru þetta hagkvæm lán, þótt þungbær hafi verið fyrir járnblendiverksmiðjuna. Og enda þótt ríkissjóður sé ekki í beinni ábyrgð fyrir lánunum mætti telja það verulegt áfall fyrir lánabúskap Íslendinga, ef vanhöld yrðu á greiðslu þeirra.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein ræðir um heimild til lækkunar á stimpilgjöldum, sem gilt hefur frá upphafi varðandi stofnlán Járnblendifélagsins, og vísast um hana til almennra athugasemda.



Með síðari málsgrein er ráðgert að fella niður ábyrgðarheimild ríkissjóðs vegna víkjandi láns til félagsins frá 1982, þar sem lánsfé þetta mundi nú verða endurgreitt og falla saman við hlutafjáraukninguna skv. 1. gr. frv., sbr. athugasemd um hana og almennar athugasemdir.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.